

Komið þið sæl kæru sveitastjórnafulltrúar

Þann 4. desember næstkomandi ætlar undirrituð ásamt fleiru áhugafólki um söng og tónlist að halda jólatónleika í Dalabúð, Búðardal. Markmið með þessum tónleikum er að efla menningarlíf í Dalabyggð og lyfta upp andanum á þessum skrítnu tímum. Tónleikarnir verða ekki hagnaðardrífir heldur er markmiðið að þeir eigi eftir að standa undir sér. Það er ýmislegt sem þarf að huga að þegar kemur að undirbúning á svona skemmtun og ýmis kostnaður sem týnist til.

Okkur langaði að athuga hvort Dalabyggð myndi vilja styrkja okkur með niðurfellingu á húsaleigu?

Einnig langar okkur að athuga hvort það sé möguleiki á að við gætum fengið að nýta Dalabúð fyrir tvær til þrjár æfingar fyrir tónleika, þá í samvinnu við húsráðendur? Að sjálfsögðu munum við ganga frá öllu og skila húsinu hreinu af okkur

Svo vonum við bara að covid hagi sér og við getum haft gaman saman

Bestu kveðjur
Fyrir hönd jólatónleikahópsins
Alexandra Rut Jónsdóttir
Skerðingsstöðum
371 Búðardal